

Félags- og menningarmálanefnd, fundur nr. 17

Dags. 19.12.2007

17. fundur félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar haldinn í Kjarna 19. desember 2007 kl 10:00. Mætt voru: Jón Þ. Óskarsson, Agnes Þórunn Guðbergsdóttir. Þórsteinn Rúnar Þórsteinsson og Arnór Benónýsson sem ritaði fundargerð. Hlökkver forfallaðist vegna ófærðar.

1. **Fundarsetning.**

Formaður setti fund og tók fyrir fyrsta mál á dagskrá; kosningu varformanns nefndarinnar. Stakk hann upp á Agnesi Þórunni og samþykktu fundarmenn þá uppástúngu.

2. **Styrkbeiðni frá Símoni Sverrissyni vegna verkefnisins Myndir aldanna.** Nefndin hafnar beiðninni og bendir Símoni á að leita til Safnahússins á Húsavík um samstarf.

3. **Styrkbeiðni frá umf. Bjarna.**

Jón yfirgaf fundinn undir þessum lið. Nefndin samþykkir að styrkja félagið með kr. 200.000 m.a. vegna kostnaðar við framkvæmdir á íþróttasvæði félagsins.

4. **Beiðni um styrk vegna fundarhalda.**

Afgreiðslu frestað og nefndin hyggst móta heildarstefnu í þessum málum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 11:30